



Framkvæmda- fréttir 10. tbl. /19



Bergþóra Þorkelsdóttir
forstjóri Vegagerðarinnar

Vegagerðin kynnir nýtt stefnuskjal

Stefna 2020 - 2025

Fylgt úr hlaði

Hlutverk Vegagerðarinnar er að stuðla að öruggum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum á sjó og á landi. Þá skal hún stuðla að því að samgöngur þróist í samræmi við samfélagsleg og umhverfisleg markmið.

Til þess að sinna hlutverki sínu sem best þurfa fyrirtæki og stofnanir reglulega að skoða stöðuna og meta hvort vert sé að aðlaga stefnuna að breyttum aðstæðum. Þetta gerði Vegagerðin veturinn 2018-2019 með viðamikilli stefnumótunavinnu. Leitað var til starfsmanna og ýmissa hagaðila s.s. fulltrúa verktaka, verkfræðistofa, ferðaþjónustu, stjórnvalda og svo mætti lengi telja. Haldnir voru fundir meðal starfsmanna, einn á hverju svæði og einnig í miðstöð. Spurningalisti var auk þessa sendur á alla starfsmenn Vegagerðarinnar. Átakshópur sem í sátu meðal annars fulltrúar yfirstjórnar tók svo við þessum efni við þegar mótun stefnunnar fór fram. Að lokum var fjölbreyttur hópur starfsmanna fenginn til þess að rýna þær stefnumótandi áherslur sem átakshópurinn hafði afmarkað.

Meðal fjölmargra niðurstaða stefnumótunarvinnunnar voru breytingar á skipuriti Vegagerðarinnar, en nýtt skipurit helst í hendur við stefnuna sem mörkuð var. Meðal breytinga má nefna að deildir sem tilheyrðu siglingasviði falla nú undir önnur svið. Þá lítur nýtt þjónustusvið dagsins ljós en samhliða stofnun þess var ákveðið að þjónusta yrði nú fjórða gildi stofnunarinnar ásamt öryggi, framsýni og fagmennsku.

Önnur afurð stefnumótunarinnar er að sjálfssögðu stefnan sjálf sem endurspeglast í nýju stefnuhjóli Vegagerðarinnar. Í miðju hjólsins eru öruggar ▶



Mynd: Hringvegur (1) austan Jökulsár á Fjöllum

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 10. tbl. 27. árg. nr. 700 20. nóv. 2019

Rittstjórn
og umsjón útgáfu:
Viktor Arnar
Ingólfsson
Ábyrgðarmaður:
G. Pétur Matthíasson
Prentun: Oddi

Ósk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
eða með tölvupósti til:
askrift@vegagerdin.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útbóðs-framkvæmdir fyrir verktökum. Listi yfir fyrirhuguð útbóð er birtur, greint er frá niðurstöðum útbóða og einnig samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka og annarra lesenda. Blaðið kemur út einu sinni í mánuði að jafnaði. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.

- ▶ samgöngur sem önnur starfsemi hverfist um þ.e.a.s. skipulag og starfsemi Vegagerðarinnar, þjónusta við veg- og sjófarendur, upplýsingagjöf og þekkingarmiðlun og samþætting samgöngumáta. Að lokum varð svo til verkefnalisti sem unninn var upp úr fjölmörgum athugasemdum starfsmanna og annarra sem að þessu starfi komu.

Á tímum þar sem heimurinn stendur frammi fyrir gríðarlegri upplýsingatæknibyltingu þarf Vegagerðin bæði að hlúa að þeim verðmætum sem fyrir eru í stofnuninni og opna gáttir sínar fyrir nýjungum sem gera henni kleift að taka utan um þau tækifæri sem nýir tímar bera með sér. Þetta ætlar Vegagerðin að gera með þeim breytingum sem kynntar eru í nýrri stefnu. Komandi tímar verða því bæði krefjandi og skemmtilegir hjá þeim fjölbreytta og kraftmikla hópi sem starfar undir merkjum Vegagerðarinnar.

Bergþóra Þorkeldsdóttir

Mótun nýrrar stefnu

Vinnuferlið

Hafist var handa við heildræna stefnumótun Vegagerðarinnar í lok árs 2018.

Markmið vinnunnar var að móta samræmda sýn starfsfólks og stjórnenda til framtíðar og marka stefnumótandi áherslur fyrir starfsemi Vegagerðarinnar til ársins 2025.

Breið og virk þátttaka starfsfólks og hagaðila stofnunarinnar var höfð að leiðarljósi í stefnumótunarferlinu sem fól í sér eftirfarandi lykilþætti:

- Starfsmannafundir
- Viðtöl við lykilstjórnendur og ytri hagaðila
- Skoðanakönnun meðal starfsmanna
- Vinnustofur í miðstöð og á öllum svæðis- miðstöðvum með fulltrúum framkvæmdastjórnar Vegagerðarinnar
- Úrvinnsla með stjórnendum við að draga fram niðurstöður
- Samantekt og framsetning

Ráðgjafarsvið KPMG var Vegagerðinni til aðstoðar við mótun nýrrar stefnu.

Niðurstöður vinnunnar endurspeglar áherslur Vegagerðarinnar og hvernig hún hyggst takast á við þær breytingar sem blasa við í starfsumhverfi stofnunarinnar á komandi árum

Stefna Vegagerðarinnar í hnotskurn

Öruggar samgöngur

Við uppbyggingu og þróun samgöngukerfisins eru greiðar samgöngur og öryggi einstaklinga forgangsatridi svo ekki komi til alvarlegra slysa

Upplýsingar og þekking

Vegagerðin miðlar faglegum upplýsingum um samgöngukerfið til stjórnvalda, sveitarfélaga og atvinnulífs og eflir þannig grundvöll stefnumótandi ákvarðanatöku

Skipulag og starfsemi

Innviðir Vegagerðarinnar byggja á skilvirkri stjórnun, straumlínulöguðum ferlum, öflugum tækjabúnaði og virku gæðakerfi

Þjónusta

Vegagerðin er þjónustumiðuð stofnun sem nýtir tækniþekkingu til umferðarstýringar og bættis samgönguöryggis með notendavænni þjónustu og miðlun upplýsinga í rauntíma

Samþætting samgöngumáta

Vegagerðin er leiðandi í skipulagi og uppbyggingu vistvænna og samþættra samgöngumáta á landsvísu í nánú samstarfi við stjórnvöld og sveitarfélög



Framtíðarsýn Vegagerðarinnar til ársins 2025

Stýring uppbyggingar og þjónustu samgöngukerfisins á sjó og landi með samkeppnishæfni Íslands, sjálfbærni og öryggi að leiðarljósi

Hlutverk

Vegagerðin starfar samkvæmt lögbundnu hlutverki sínu þar sem m.a. kemur fram:

„Vegagerðin skal í starfsemi sinni stuðla að öruggum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum. Þá skal stofnunin stuðla að því að samgöngur þróist í samræmi við samfélagsleg og umhverfisleg markmið.“

Gildi Vegagerðarinnar

Gildi Vegagerðarinnar voru mótuð af starfsmönnum og endurspeglar þá grunnþætti sem Vegagerðin og starfsemi hennar stendur fyrir. Gildin draga fram og byggja á bæði hlutverki Vegagerðarinnar og þeim brag sem starfsmenn fylgja í daglegum störfum sínum.

Öryggi

Við höfum öryggi ávallt í fyrirrúmi

Fagmennska


Við búum yfir sérþekkingu og vinnum af fagmennsku

Framsýni

Við byggjum á reynslu og horfum til framtíðar

Þjónusta

Við mætum þörfum samfélagsins með góðri þjónustu



Stefnumótandi áherslur



Öruggar samgöngur

Staðan í dag

Uppbygging og viðhald vegakerfisins er og hefur verið kjarninn í allri starfsemi Vegagerðarinnar frá stofnun hennar og mun vera það áfram.

Á undanföllum árum hefur verið mikil umferðaraukning um vegi landsins allt árið, ekki hvað síst vegna fjölgunar ferðamanna og aukinna flutninga. Þá hefur akstur til og frá vinnu milli þéttbýliskjarna farið vaxandi.

Í mörgum tilfellum er vegakerfið ekki byggt til að mæta slíkum umferðarþunga og því blasa við stór verkefni til að treysta samgönguinnviði og umferðaröryggi í framtíðinni.

Á þjóðvegum í dreifbýli hefur meira en helmingur alvarlegra slysa og banaslysa orðið við útafakstur og yfir 40% banaslysa þegar bifreiðir úr gagnstæðum akstursáttum lenda saman.

Stefna

Við uppbyggingu og þróun samgöngukerfisins eru greiðar samgöngur og öryggi einstaklinga forgangsráði svo ekki komi til alvarlegra slysa

Markmið

1. Öryggi íbúa, veg- og sjófarenda og þeirra starfsmanna sem vinna við vegi landsins sé forgangsráði svo ekki komi til alvarlegra slysa.
2. Markviss fækkun þekktra slysaáða
3. Tryggja góða og örugga innviði fyrir alla samgöngumáta
4. Óvarðir vegfarendur séu á afmörkuðum leiðum



Upplýsingar og þekking

Staðan í dag

Vegagerðin býr yfir miklu magni gagna sem geta nýst til samgöngustjórnunar og eflingar fagþekkingar á uppbyggingu og viðhaldi samgöngukerfisins. Hjá Vegagerðinni starfa sérfræðingar á sviði samgöngumála sem taka reglulega þátt í alþjóðlegum fagnefndum vegagerða bæði á Norðurlöndum og víðar.

Vegagerðin safnar, greinir og staðfærir nýjustu upplýsingar um ástand, öryggi og álag vega.

Hjá Vegagerðinni er rekinn rannsóknarsjóður samkvæmt lögum og styrkir hann árlega metnaðarfull rannsóknarverkefni á sviði samgöngumála.

Stefna

Vegagerðin miðlar faglegum upplýsingum um samgöngukerfið til stjórnvalda, sveitarfélaga og atvinnulífs og eflir þannig grundvöll stefnumótandi ákvarðanatöku

Markmið

1. Upplýsingar og þekking Vegagerðarinnar nýtist til samþættingar stefnumótandi áherslna stjórnvalda og ríkisstofnana s.s. við gerð samgöngu- fjarskipta- og byggðaáætlana
2. Vegagerðin leggur áherslu á þverfaglegt samstarf við einkaaðila, stjórnvöld, lögreglu og sveitarfélög
3. Vegagerðin heldur hagaðilum vel upplýstum um framkvæmdir, viðhaldsverkefni og umfang þjónustu sem framundan er hverju sinni



Skipulag og starfsemi

Staðan í dag

Hjá Vegagerðinni starfa um 300 einstaklingar á 20 starfsstöðvum á landsvísi og til að tryggja gæði í starfi og hámarka starfsánægju þurfa skipulag og innviðir stofnunarinnar að styðja við krefjandi starfsumhverfi.

Vegagerðin býr yfir gæðakerfi, ferlum og verklagsreglum sem stöðugt þarf að þróa í takt við síbreytilegt starfsumhverfi.

Kynslóðaskipti eiga sér stað hjá Vegagerðinni og er mikilvægt að tapa ekki þeirri miklu þekkingu og færni sem öflugt starfsfólk stofnunarinnar býr yfir.

Stefna

Innviðir Vegagerðarinnar byggja á skilvirkri stjórnun, straumlinulöguðum ferlum, öflugum tækjabúnaði og virku gæðakerfi

Markmið

1. Vegagerðin sé eftirsóknarverður vinnustaður sem hlúir að starfsfólki og laðar að hæft fólk
2. Starfsfólk endurspeglir þá þekkingu og færni sem Vegagerðin þarf að búa yfir á hverjum tíma
3. Starfshættir Vegagerðarinnar byggja á virku gæðakerfi sem tryggi skilvirkt, öruggt og umhverfisvænt verklag stofnunarinnar
4. Upplýsingamiðlun sé heildstæð, samræmd og aðgengileg
5. Aðbúnaður Vegagerðarinnar gerir starfsmönnum kleift að sinna starfi sínu á skilvirkan, umhverfisvænan og öruggan máta
6. Áhersla sé lögð á að rækta sterk tengsl svæða og miðstöðvar til að samræma skipulag og vinnubrögð



Þjónusta

Staðan í dag

Tæknibreytingar hafa leitt til þess að farartæki skynja umhverfi sitt betur og geta í vaxandi mæli móttekið og miðlað upplýsingum um aðstæður á vegum í rauntíma. Hjá vegagerðum á Norðurlöndunum og víðar í Evrópu eru þróunarverkefni í gangi um hagnýtingu möguleika sem felast í hinum snjalla bíl með stafrænni tækni og nettengingu bíla.

Vegagerðin hefur tekið þátt í rannsóknarverkefnum í tengslum við tæknibúnað til vetrarþjónustu og upplýsingajafar sem hefur leitt af sér bætt þjónustu fyrir vegfarendur t.a.m. við stýringu vetrarþjónustu.

Aukin umferð á vegum allt árið kallar á nýtingu nýrrar tækni sem leysir gamalt verklag af hólmi, eflir þjónustustig og eykur öryggi. Tilkoma sjálfkeyrandi bíla felur einnig í sér áskoranir sem Vegagerðin þarf að mæta á komandi árum.

Fröð tækniþróun og sjálfvirknivæðing felur í sér mikil tækifæri til að gera þekkingu innan Vegagerðarinnar aðgengilegri og miðla viðeigandi upplýsingum til þeirra sem þurfa.

Stefna

Vegagerðin er þjónustumiðuð stofnun sem nýtir tækniþekkingu til umferðarstýringar og bætt samgönguöryggis með notendavænni þjónustu og miðlun upplýsinga í rauntíma

Markmið

1. Opinber og aðgengileg stafræn vegaskrá
2. Þjónusta (sumar og vetur) verði í takt við þarfir hverju sinni
3. Upplýsingum miðlað í rauntíma til ferðalanga um ástand og greiðfærni leiða í samræmi við alþjóðlega staðla, óháð tungumáli
4. Verklag við þjónustu vegakerfisins sé í markvissri og stöðugri framþróun





Sambætting samgöngumáta

Staðan í dag

Í loftslagsstefnu stjórnvalda er m.a. stefnt að kolefnishlutleysi Íslands árið 2040 og gildandi samgönguáætlun leggur áherslu á umhverfislega sjálfbærar samgöngur og eflingu vistvænna ferðamáta.

Við uppbyggingu innviða leggur Vegagerðin áherslu á sambættingu allra samgöngumáta, s.s. með styrkingu stofnleiða og aðskilnaði leiða fyrir óvarða vegfarendur.

Umhverfisvitund og kröfur um bætta innviði fyrir vistvæna ferðamáta og lágmörkun útblásturs frá samgöngum eru vaxandi í íslensku samfélagi.

Stefna

Vegagerðin er leiðandi í skipulagi og uppbyggingu vistvænna og samþættra samgöngumáta á landsvísi í nánu samstarfi við stjórnvöld og sveitarfélög

Markmið

1. Samgöngukerfi landsins myndi eina samþætta heild, óháð ferðamáta, til að þjóna íbúum og atvinnulífi sem best
2. Horft er heildstætt á vistvæna ferðamáta óháð sveitarfélagsmörkum
3. Almenningsamgöngur verði eflar með vistvænum orkugjöfum, sambættingu mismunandi samgöngumáta og aukinni upplýsingagjöf til notenda
4. Efla góða og örugga innviði fyrir alla samgöngumáta með aðskilnaði óvarinna vegfarenda og annarrar umferðar á vegum og stígum


Regluleg uppfærsla stefnunnar

Lifandi stefna í síbreytilegu umhverfi

Vegagerðin starfar í síbreytilegu umhverfi með mörgum óvissuþáttum eins og tækniþróun samgöngutækja og nýjum óskum og áherslum samfélagsins til samgangna. Því er mikilvægt að meta stöðuna og spegla stefnu Vegagerðarinnar miðað við breytingar í starfsumhverfi hennar.

Stefnan er þannig „lifandi skjal“ sem þarf að endurmeta og endurnýja reglulega. Stefnan verður því endurskoðuð og uppfærð eftir því sem aðstæður og þarfir krefja hverju sinni, eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti

Skipurit Vegagerðarinnar



vaf 28.10.19



Um 220 manns sóttu 18. rannsóknaráðstefnu Vegagerðarinnar

Áður birt á vegagerdin.is 08.11.2019

Rannsóknaráðstefna Vegagerðarinnar var haldin í 18. sinn föstudaginn 1. nóvember sl. í Hörpu og var almenn ánægja með ráðstefnuna. Kynnt voru alls 17 rannsóknaverkefni sem er þó bara hluti þeirra verkefna sem er í gangi hjá Vegagerðinni hverju sinni.

Ágrip og glærur frá flestum erindum má finna á vefsíðu ráðstefnunnar og þar er líka að finna fjölda mynda frá henni. Áhugi á ráðstefnunni er alla jafna mikill en nú skráðu sig um

220 manns ráðstefnuna. Lokað var fyrir skráningu þegar vel ríflega var fullbókað í salinn Kaldalón í Hörpu.

Erindin voru að vanda mjög fjölbreytt og víða komið við, má nefna nokkur erindi sem snúa að umferðaröryggi og önnur sem snúa að umhverfi, s.s. svifryki. ■

<http://www.vegagerdin.is/um-vegagerdina/rannsoknir-og-throun/radstefnur/rannsoknaradstefna-vegagerdarinnar-2019-1>



Bergþóra Þorkeldsdóttir
forstjóri Vegagerðarinnar.
Setning



Bergur Ebbi, skáld og rúgterðarmiður
Hvað mun okkur finnast? - Um gildismat
fram tíðarinnar



Björk Úlfarsdóttir, Malbst. Hlaðbær Colas hf.
Notkun Coltrack við að gera malarvegi að
bundu slitlagi á Íslandi



Þorbjörg Sævarsdóttir, EFLA
Endurvinnsla frálagsfema í vegagerð



Ólafur Wallevik, Rb við Nýsköpunarmiðstöð
Íslands
Umhverfisvæn brúarsteypa



Pétur Pétursson, PP-ráðgjöf
Úttektir og ástandsmat klæðinga
á Vestfjörðum



Guðmundur Valur Guðmundsson, Vegagerðin
Burðargeta steyptra brúa - brotprófun brúar
á Steinavötn



Haraldur Sigþórsson, VHS
Mikilvægi mótlægra umferðarljósa



Anna Guðrún Stefánsdóttir, Verkis
Slysagreining. Ávinningur af óhindruðum
beygjustraumum



Berglind Hallgrímsdóttir, EFLA
Rannsóknarverkefni um mat á tíðni
rauðljósaaksturs



Hrönn Karólína Sch. Hallgrímsdóttir,
Mannvit
Áhrif 5G á samgönguinnviði í framtíðinni



Gunnar Páll Stefánsson, Mannvit
Áhrif 5G á samgönguinnviði í framtíðinni
framhald.




Andreas Macrander, Hjólafærni
Samflutningur farþega og farms - bætter
almenningsamgöngur á landsbyggðinni




Elin Björk Jónasdóttir, Veðurstofan
Áreiðanleiki hviðuspáa í Harmonie-Arome
líkaninu, fylgni spáa, viðvarana og mælinga,



Halla Katrín Svölu- og Arnardóttir, EFLA
Greining á kerfum og vinnuumhverfi
í vaktstöð Vegagerðarinnar



Kristinn Örn Björnsson, EFLA
Rafbílar - áhrif á hljóðstig og tíðniróf.



Brian Barr, Háskóli Ísland
Losun svifryks frá gatnakerfinu á
höfuðborgarsvæðinu - ferlar og líkan



Gísli Guðmundsson, Nýsköpunarmiðst. Ísl.
Samsetning og uppruni svifryks
í Hvalfjarðargöngunum



Eva Dís Þórðardóttir, EFLA Greining á sam-
félagslegum og hagrænum ávinningi bættra
samgangna, rýni á rannsóknaraðferðum



Bryndís Skúladóttir, VSÓ Ráðgjöf.
Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna
og Vegagerðin



G. Pétur Matthíasson, Vegagerðin
Ráðstefnustjórn.



Rannsóknaráðstefna Vegagerðarinnar 1. nóvember 2019. Þéttsetinn salurinn Kaldalón
í Hörpu.



Þórir Ingason, forstöðumaður rannsóknar,
Vegagerðin
Setning og ráðstefnuslit.

Þórir Ingason lætur af störfum hjá
Vegagerðinni um næstu áramót svo þetta
var síðasta rannsóknaráðstefnan sem hann
skipuleggur. Voru honum þökkúð góð störf
í lok dagskrár.

Gerð þriggja brúa í Austur-Skaftafellssýslu boðin út í tveimur útboðum

Á síðunni hér til hægri eru birtar niðurstöður tveggja útboða á gerð þriggja brúa í Austur-Skaftafellssýslu. Þetta eru brýr á Hringvegi (1) yfir árnar Steinavötn (100 m) og Fellsá (47 m) í einu útboði og Kvía (32 m) í einu útboði og Kvía (32 m). Allar brýrnar eru 10 m breiðar með 9 m akbraut. Vegagerð við brýrnar er innifalin í þessum útboðum.

Gerð þessara brúa var boðin út fyrr á þessu ári en engin tilboð bárust þá. Brúagerðin er liður í áætlun um að fækka einbreiðum brú á Hringvegi (1).


Brúin á Steinavötn kemur í stað einbreiðrar brúar sem eyðilagðist í flóðum 2017. Síðan þá hefur verið ekið um bráðabirgðabrú. Ný brú verður í núverandi veglínu og er veglínan bein í láréttu plani og í háboga með radía 21000 m í lóðréttu plani. Yfirbygging brúarinnar er steypd eftirspennn bitabrú í fjórum höfum 22 m, 28 m, 28 m og 22 m löngum. Þverhalli brúar er 35%. Stöplar brúarinnar eru steypdir og grundaðir á niðurreknum steypum staurum 16 m löngum. Brúavinnuflokkur Vegagerðarinnar mun reka niður staurana.

Yfirbygging brúar yfir Fellsá er steypd eftirspennn bitabrú í tveimur höfum 23,5 m og 23,5 m löngum. Heildarlengd brúarinnar er 47 m. Þverhalli brúar er 35%. Stöplar brúarinnar eru steypdir og grundaðir á klöpp.


Verktaki sér um nauðsynlegar flóðavarnir og vatnaveitingar til að halda vatni frá sökklum á byggingartíma.

Brú á Kvía er í nýrri veglínu 35 m suðaustan núverandi brúar og er veglínan í 620 m radía í láréttu plani og með langhalla 0,177% í lóðréttu plani. Yfirbygging brúarinnar er samverkandi stálbitabrú með steypu gólfi í einu 32 m löngu hafi. Landstöplar brúarinnar eru steypdir og grundaðir á 12 m löngum boruðum stálstaurum, samtals 26 stk. undir hvorn landstöpul. Stálstaurarnir eru innfylltir af steypu eftir borun.

Heimild: Útboðsgögn. ■



Brú á Steinavötn, snið við millistöpul, öll mál í mm.



Brú á Steinavötn, hliðarmynd.



Niðurstöður útboða

Hringvegur (1) um Steinavötn og Fellsá (EES útboð) 19-086

Tilboð opnuð 5. nóvember 2019. Smíði nýrra brúa yfir Steinavötn og Fellsá ásamt uppbyggingu á Hringvegi í Suðursveit á tveimur köflum beggja megin brúa. Veita skal ám undir nýjar brýr og eftir að vegtenging er komin á þær skal fjarlægja bráðabirgðabrýr og -vegi og gera leiðigarða við enda brúar yfir Steinavötn.

Helstu magntölur vegna vega eru:

Skeringar	6.365 m ³
Fyllingar	19.685 m ³
Burðarlag	2.345 m ³
Tvöföld klæðing	11.585 m ²
Fláafleygar	6.886 m ²
Ræsagerð	84 m
Grjótvörn	3.995 m ³
Bráðabirgðabrú	20,6 m

Helstu magntölur vegna brúa eru:

Vegrið	352 m
Gröftur	5.100 m ³
Bergboltar	42 stk.
Mótafletir	3.569 m
Steypustyrktarstál	201,5 tonn
Spennn járnalögn	41,1 tonn
Steypa	2.296 m ³

Verkinu skal að fullu lokið eigi síðar en 1. apríl 2021.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
8 Þ.S. verktakar ehf., Egilsstöðum	1.349.097.726	177,2	578.671
7 Spennn ehf., Reykjavík	1.232.473.128	161,9	462.046
6 Rizzani De Eccher Íslandi og Rizzani De Eccher SpA	1.230.970.840	161,7	460.544
5 Íslenskir aðalverktakar hf., Reykjavík	996.651.608	130,9	226.225
4 ÞG verktakar, Reykjavík	965.788.336	126,9	195.361
3 Eykt ehf., Reykjavík	886.111.603	116,4	115.685
2 Þingvangur ehf., Reykjavík	865.620.560	113,7	95.194
1 Ístak hf., Mosfellsbæ	770.426.853	101,2	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	761.360.000	100,0	-9.067

Hringvegur (1), brú á Kvía 19-088

Tilboð opnuð 12. nóvember 2019. Smíði nýrrar brúar yfir Kvía á Hringvegi í Austur-Skaftafellssýslu ásamt rífi á núverandi brú, gerð vega beggja megin brúar, tengivegar að áningarstað og leiðigarðs að brú.

Helstu magntölur vegna vegar eru:

Fylling úr námum	29.841 m ³
Fláafleygar úr skeringum	6.690 m ³
Ræsalögn	27 m
Styrktarlag	7.329 m ³
Burðarlag	1.496 m ³
Klæðing	8.660 m ²
Vegrið	240 m
Öryggisendar	4 stk.
Frágangur svæða	24.127 m ²
Fyllingarefni í leiðigarða	2.100 m ³
Grjótvörn í leiðigarða	886 m ³
Grjótvörn við brú	564 m ³

Helstu magntölur vegna brúa eru:

Boraðir stálstaurar	624 m
Vegrið	68 m
Gröftur	1.250 m ³
Mótafleti	1.242 m ²
Steypustyrktarstál	44,7 tonn
Steypa	374,6 m ³
Forsteyptar plötur	28 stk.
Stálvirki	56,3 tonn
Ryðvörn	336,7 m ²

Verkinu skal að fullu lokið eigi síðar en 1. ágúst 2020.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
4 Eykt ehf., Reykjavík	495.457.828	145,4	135.305
3 Ístak hf., Mosfellsbæ	457.325.966	134,2	97.173
2 Þingvangur ehf., Reykjavík	369.529.416	108,5	9.377
1 Spennn ehf., Reykjavík	360.152.506	105,7	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	340.711.341	100,0	-19.441



Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Niðurstöður útboða

Hvalfjarðargöng (1), ljósleiðarakerfi, endurbætur 19-094

Tilboð opnuð 22. október 2019. Lagning ljósleiðararöra ásamt lagningu ljósleiðara og tenginga í og við Hvalfjarðargöng.

Verkið felur í sér lagningu ljósleiðararöra, uppsetningu fjarskiptaskápa, blástur og/eða ídrátt ljósleiðarastrengja ásamt tengingum þeirra í og við Hvalfjarðargöng. Hvalfjarðargöng liggja undir Hvalfjörð og eru um 5,8 km löng. Ljósleiðarakerfið hefur það hlutverk að tengja saman allan þann búnað sem þarf að tala saman í göngunum ásamt að tryggja að öll fjarskipti innan ganga ásamt til og frá göngum gangi vel fyrir sig.

Ídráttur átta 12 mm ljósleiðararöra	
í 75 mm ídráttarrör	5.900 m
Ljósleiðari	4.230 m
Uppsetning á 50 mm rörum	
í þak ganga við öll tæknirými	261 m
Fjarskiptaskápar í göngum	4 stk.
Tengihilla fyrir ljósleiðara	
í fjarskiptaskáp	12 stk.
(528 splæsingar í það heila í þessar 12 tengihillur)	
Ljósleiðarasplæsingar	404 stk.
Mælingar á ljósleiðara	HT

Verki skal lokið að fullu 29. febrúar 2020.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
---	Áætlaður verktakakostnaður	40.840.050	100,0	20.908
3	Berg verktakar ehf., Reykjavík	29.644.350	72,6	9.712
2	BB rafverktakar, Reykjavík	20.100.000	49,2	168
1	Rafal ehf., Hafnarfirði	19.932.408	48,8	0

Seltjarnarnes, sjóvarnir 2019 19-115

Tilboð opnuð 12. nóvember 2019. Verkið felst í byggingu sjóvarnar við Ráðagerði og við Nesvöll, heildarlengd sjóvarna er um 220 m.

Útboðið nefnist:


Seltjarnarnes – sjóvarnir 2019

Helstu magntölur:

Útlögn grjóts og sprengds kjarna	1.500 m ³
Upptekt og endurröðun grjóts	350 m ³

Verkinu skal lokið eigi síðar en 1. apríl 2020.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
5	Karína ehf., Kópavogi	13.148.000	148,9	6.301
4	PK Verk ehf., Hafnarfirði	12.261.700	138,9	5.415
3	Óskaverk ehf., Kópavogi	10.991.900	124,5	4.145
2	E. Gíslason ehf., Reykjavík	10.824.400	122,6	3.977
---	Áætlaður verktakakostnaður	8.830.100	100,0	1.983
1	JG vélar, Reykjavík	6.847.100	77,5	0



Bíldudalshöfn, endurbygging og lenging Hafskipabryggju 2019
sjá niðurstöður útboðs

Búðardalur, sjóvörn við Ægisbraut og efnisvinnsla 2019 19-106

Tilboð opnuð 22. október 2019. Sjóvörn í Búðardal og efnisvinnsla. Verkið felst í byggingu sjóvarnar við Ægisbraut, lengd sjóvarnar er um 200 m og efnisvinnsla á grjóti og kjarna.

Helstu magntölur:

Útlögn grjóts og sprengds kjarna	1.800 m ³
Upptekt og endurröðun grjóts	600 m ³
Efnisvinnsla grjót og sprengdur kjarni	1.800 m ³

Verkinu skal lokið eigi síðar en 1. júní 2020.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
6	Borgarverk ehf., Borgarnesi	23.416.000	136,7	10.447
5	Urð og grjót ehf., Reykjavík	18.702.500	109,2	5.734
---	Áætlaður verktakakostnaður	17.128.000	100,0	4.159
4	Grjótverk ehf., Hnífsdal	15.231.000	88,9	2.262
3	E. Gíslason ehf., Reykjavík	14.489.000	84,6	1.520
2	JG vélar ehf., Reykjavík	13.005.000	75,9	36
1	Stafnafell ehf., Snæfellsbæ	12.968.610	75,7	0

Bíldudalshöfn, endurbygging og lenging Hafskipabryggju 2019 19-116

Tilboð opnuð 12. nóvember 2019. Hafnarsjóður Vesturbryggðar óskaði eftir tilboðum í endurbyggingu og lengingu Hafskipabryggju.

Helstu magntölur:

Upptekt á grjóti	1.400 m ³
Reka niður tvöfaldar stálþilspötur af gerð AZ24-700, AZ28-700 og AZ13-700	117 stk.
Ganga frá stagbita og stögum	
Steypa akkerisplötur	25 stk.
Steypa kantbita með pollum, kanttré, stígum og pybbum	164 m
Jarðvinna, fylla upp fyrir innan þil	12.600 m ³

Verkinu skal lokið eigi síðar en 31. ágúst 2020.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
4	Bryggjuverk, Reykjavík	199.169.000	129,2	60.765
3	Sjótækni ehf., Tálknafirði	179.618.916	116,5	41.215
2	Ísar ehf., Kópavogi	168.785.900	109,5	30.382
---	Áætlaður verktakakostnaður	154.119.900	100,0	15.716
1	Hagtak hf., Hafnarfirði	138.404.250	89,8	0

Bíldudalur, Taglið, efnisvinnsla 2019 19-117

Tilboð opnuð 12. nóvember 2019. Vesturbryggð óskaði eftir tilboðum í efnisvinnslu í Taglinu.

Helstu magntölur:

Efnisvinnsla, grjót og kjarni	22.000 m ³
-------------------------------	-----------------------

Verkinu skal lokið eigi síðar en 15. apríl 2020.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
3	Suðurverk hf., Kópavogi	67.667.000	149,9	28.657
2	Borgarvirki ehf., Kópavogi	46.075.000	102,1	7.065
---	Áætlaður verktakakostnaður	45.140.000	100,0	6.130
1	Skering ehf., Ísafirði	39.010.000	86,4	0

Frá Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar

Hér á eftir er gerð örstutt grein fyrir efni tveggja rannsóknarskýrslna. Finna má allar skýrslur á www.vegagerdin.is undir *Upplýsingar / Rannsóknarskýrslur*.

Úttektir á klæðingum á Vestfjörðum

11. til 13. júní 2019

Gunnar Bjarnason, Vegagerðin
og Pétur Pétursson, PP-ráðgjöf, júlí 2019

Vorið 2019 var töluvert rætt um að almennt ástand klæðinga á Vestfjörðum væri lélegt. Af því tilefni var ákveðið að gera úttekt á því og var það gert af skýrsluhöfundum dagana 11. til 13. júní 2019. Farinn var hringur og skoðaðir kaflar á vegum með númerin 60 til 63. Úttektin var einnig takmörkuð við klæðingar sem lagðar voru á árunum 2014 til 2018.

Í skýrslunni er ástandi einstakra kafla lýst. Þá eru teknar saman tölulegar upplýsingar um ástandið skipt á útlagnaár klæðinga og svo vegahæiti (vegnum). Að lokum er umræða um niðurstöðurnar.


Fram kemur að af 177 km, sem voru ástandsmetnir, voru tæpir 19 km metnir ónýtir vegir og þar með talin klæðing sem á þá hafði verið lögð. Flestir þessir ónýtu kaflar voru á Bíldudalsvegi. Ástæða fyrir þessu mati var oftast að skemmdir mátti rekja til burðarlaga og það metið svo að kaflarnir hefðu allir þurft styrkingu áður en klæðing var lögð á þá.

Þá kemur fram, eins og oft áður við úttektir sem þessar, að rekja má skemmdir til vetrarviðhalds þannig að snjóplógar skrapa klæðinguna af hryggjum á milli hjólfara. Ef þessar skemmdir væru ekki, væru 80% af köflunum sem teknir voru út metnir í lagi. Bent er á að í mörgum tilvikum væri því betra að leggja eingöngu í hjólförin en best væri að fylla þau fyrst og heilklaða svo yfir. Ef þversnið er tiltölulega slétt er minni hætt á að snjóplógar nái að skrapa steinefnin burt.

Slys á stofnbrautum höfuðborgarsvæðisins – Greining á slysum í þéttbýli

Mannvit, ágúst 2019

Rannsóknasjóður Vegagerðarinnar hefur styrkt verkefni (skýrslur dagsettar í janúar 2017 og janúar 2018) þar sem slysatíðni á Reykjanesbraut var greind m.a. með tilliti til breytinga á lýsingu (slökkt á öðrum hverjum ljósastaur). Auk þess voru fleiri þættir teknir til skoðunar, s.s. tenging við fjölda ferðamanna, skráðar orsakir slysa, dreifing umferðar yfir sólarhringinn og tímasetningu fluga til og frá Keflavíkflugvelli. Í þessum verkefnum kom fram



Hlutfallsleg dreifing orsakavalda slysa eftir kyni.

að erfitt var að fá fram marktækar niðurstöður vegna þeirrar þversagnar að ekki hafi orðið nægilega mörg slys á brautinni í athugunartímanum.

Í verkefninu sem þessi skýrsla fjallar um var gagnasafnið stækkað og allar stofnbrautir á höfuðborgarsvæðinu teknar til skoðunar. Tíu ára tímabil, 2008-2017, var undir en þá urðu yfir 14.000 slys. Í verkefninu voru slysin skoðuð út frá ýmsum atriðum, s.s. tíma árs, birtustigi, aldri og kyni þeirra sem lentu í slysunum, umferðarþunga, fólksfjölda, staðsetningu og skráðum orsökum slysa.

Í skýrslunni kemur meðal annars fram að fjöldi slysa hefur aukist frá árinu 2008. Stökk varð milli árunum 2008 og 2009 en síðan fór slysum fækkandi til ársins 2013 en hefur fjölgað síðan. Slysum hefur fjölgað hlutfallslega umfram fólksfjölgun á sama tíma, sem og umfram ekna kílómetra. Alls létust 22 á tímabilinu. Fjöldi lítilvægra meiðsla er nokkuð stöðugur á ári á tímabilinu, en fjöldi aðila sem lenda í slysum án meiðsla hefur aukist lítillega. Slys dreifast nokkuð jafnt eftir tíma dagsins og fylgja ekki ferlum fyrir stöðu sólar, birtustig virðist því hafa lítil áhrif. Flest slys áttu sér stað í janúar og febrúar. Sterk tengsl eru milli kyns og fjölda slysa sama hvort horft er á orsakavald, ökumenn eða alla sem koma að slysum. Hlutfallið er í öllum tilvikum um það bil 40% konur á móti 60% karlar. Flestir sem lenda í slysum eru í kringum tvítugsaldurinn. Lang algengasta orsök slysa er mannleg mistök. Þar koma m.a. inn atriði eins og stutt bil á milli bifreiða og ógætlega skipt um akrein (samaltals 34%). Þegar umhverfisþættir eru skráðir sem orsakavaldar er það slæm færð sem er langstærsti flokkurinn (62%). Ríflega helmingur slysa á sér stað við gatnamót.

Í skýrslunni er vitnað til erlendra rannsókna og fram kemur að niðurstöður hér eru sambærilegar við niðurstöður sem komið hafa fram í Danmörku. Þó mun megi finna á einstaka þáttum er bent er á að hugsanlega megi skýra það með því að flokkun og skráning slysa sé mismunandi milli landanna. ■

Kaffifundir fyrrverandi starfsmanna Vegagerðarinnar

Eins og undanfarin ár mun Vegagerðin bjóða fyrrverandi starfsmönnum sínum í kaffisopa þrisvar sinnum yfir veturinn í Borgartúni 7. Allir fyrrverandi starfsmenn eru velkomnir og er tilvalið að utanbæjar-menn horfi til þessara daga ef þeir eiga erindi til borgarinnar.

Miðvikudaginn fyrir kaffiboðið verður reynt að senda áminningu með SMS til sem flestra sem búa í Reykjavík og nærsveitum.

Fundirnir verða haldnir í Mótorskála, fundarsal Vegagerðarinnar í Borgartúni 7.

Merkið við dagsetningarnar í dagbókinni:

Föstudagurinn 29. nóvember 2019

Föstudagurinn 31. janúar 2020

Föstudagurinn 27. mars 2020

Fundirnir hefjast alltaf kl. 14.

Þá . . .



. . . og nú



Eyjafjarðarbraut vestri (821), Djúpadalsá. Gamla myndin sýnir brúargerð sumarið 1975. Eldri bogabrá í baksýn var byggð 1913 (heimild Tímarit VFÍ). Neðri myndin var tekin 3. september 2019.

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða á Útboðsvefur.is sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar.

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
19-108 Efnisvinnsla á Norðursvæði austurhluti 2020	2019
19-107 Efnisvinnsla á Norðursvæði vesturhluti 2020	2019
19-093 Akranesvegur (509), Faxabraut	2019
19-087 Hringvegur (1) um Steinavötn og Fellsá, eftirlit	2019
19-095 Yfirlagnir á Suðursvæði 2020-2021, malbik	2019
19-098 Malbiksviðgerðir 2020-2021	2019
19-105 Yfirlagnir á Suðursvæði og Austursvæði 2020-2021, blettanir	2019
19-096 Yfirlagnir á Höfuðborgarsvæðinu 2020-2021, malbik	2019
19-097 Yfirlagnir á Suðursvæði 2020-2021, repave, fræsing og yfirlögn	2019
19-104 Hjólfarafyllingar og axlaviðgerðir á Suðursvæði og Austursvæði 2019	2019
19-101 Yfirlagnir á Vestursvæði 2020-2021, klæðing	2019
19-099 Yfirlagnir á Vestursvæði 2020-2021, malbik	2019
19-100 Yfirlagnir á Norðursvæði og Austursvæði 2020-2021, malbik	2019
19-102 Yfirlagnir á Norðursvæði 2020-2021, klæðing	2019
19-103 Hjólfarafyllingar og axlaviðgerðir á Vestursvæði og Norðursvæði	2019
19-053 Hringvegur (1), Skarhólabraut – Hafravatnsvegur	2019
19-052 Hafnarfjarðarvegur (40), Vífilsstaðavegur – Lyngás	2019
19-047 Efnisvinnsla á Suðursvæði 2019	2019
19-006 Skeiða- og Hrunamannavegur (30), Einholtsgvegur – Biskupstungnabraut	2019
19-012 Mófellsstaðavegur (507), Borgarfjarðarbraut – Hreppslaug	2019
19-016 Dalvíkurbyggð - sjóvarnir 2019	2019

Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:
19-089 Hringvegur (1), brú á Brunná	11.11.19	26.11.19

Hringvegur (1), einbreið brú á Brunná í Fljótshverfi, Vestur-Skaftafellssýslu, verður nú rifin og ný tvíbreið brú byggð í sömu veglínu. Gerð verður bráðabirgðabrú og ekið um hana á meðan á framkvæmdum stendur. Sjá auglýsingu á www.útboðsvefur.is.



Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
19-117 Bíldudalur, Taglið, efnisvinnsla 2019	28.10.19	12.11.19
19-116 Bíldudalshöfn, – endurbuygging og lenging Hafskipabryggju	28.10.19	12.11.19
19-015 Seltjarnarnes - sjóvarnir 2019	24.10.19	12.11.19
19-088 Hringvegur (1), brú á Kvía	21.10.19	12.11.19
19-086 Hringvegur (1) um Steinavötn og Fellsá	30.09.19	05.11.19
19-106 Búðardalur, sjóvörn við Ægisbraut og efnisvinnsla	07.10.19	22.10.19
19-030 Yfirlagnir á Norðursvæði og Austursvæði 2019, malbik	20.05.19	04.06.19
19-094 Hvalfjarðargöng, ljósleiðarakerfi, endurbætur	07.10.19	22.10.19
19-090 Dettifossvegur (862) girðing, Ásheiði - Tóveggur	13.09.19	01.10.19
19-013 Akranes, Breiðin - sjóvörn	11.09.19	26.09.19
19-008 Laugarvatnsvegur (37) Biskupstungnabraut - Þóroddsstaðir	02.09.19	17.09.19
19-084 Endurbætur innanhúss, Búðareyri 11-13 Reyðarfirði	26.08.19	17.09.19
19-082 Snæfellsbær - Ólafsvík, lenging Norðurgarðs	15.07.19	30.07.19
19-061 Fjarðabyggð – Norðfjörður endurbuygging Tograbryggju, 2019	07.05.19	21.05.19
19-042 Efnisvinnsla á Vestursvæði, Fossamelar 2019	11.03.19	26.03.19
18-100 Snæfellsbær, Arnarstapi, dýpkun	23.07.18	14.08.18

Samningum lokið	Opnað:	Samið:
19-080 Þverárfjallsvegur (73) um Refasveit og Skagastrandarvegur (74) um Laxá, hönnun Verkfræðistofa Bjarna Viðarssonar kt. 471097-2099	20.08.19	26.09.19
19-030 Yfirlagnir á Norðursvæði og Austursvæði 2019, malbik Malbikun Akureyri ehf. kt. 690598-2059	04.06.19	26.09.19
19-092 Grundarfjörður, lenging Norðurgarðs stálþilrekstur Borgarverk ehf., kt. 540674-0279	27.09.19	18.10.19
19-070 Sandgerðishöfn - Suðurgarður, Borgarverk ehf., kt. 540674-0279	12.06.19	15.07.19